



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fundi borgarstjóra með Orkuveitu Reykjavíkur**

Á fundi borgarráðs þann 7. júlí 2022 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Hvað veldur því að fundir borgarstjóra með forsvarsmönnum Orkuveitunnar eru svo margir sem raun ber vitni en samtals var fundað 67 sinnum á árunum 2018 til 2021. Hvaða skýringar liggja að baki því að fundað er svo oft? Væri hægt að draga úr fjölda funda með því t.d. að lengja sérhvern fund eða samtengja efni funda? Af hverju er tala fjölda funda 2021 mun hærri en fjöldi funda önnur ár? Var eitthvað sérstakt að gerast hjá Orkuveitu Reykjavíkur á því ári?*

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar 27. júlí 2022.

Svar:

Sjálfsgagt er það álitamál hvort fjöldi funda borgarstjóra um málefni Orkuveitu Reykjavíkur eru margir eða fáir. Á síðasta kjörtímabili var tekið upp það vinnulag að hafa fundi stutta en reglulega með fulltrúum B-hlutafélaga. OR er þar afgerandi stærsta félagið. Borgarstjóri hefur fundað með stjórnarformanni að jafnaði mánaðarlega sl. ár eða um 10 sinnum á ári. Sérstaklega er spurt um fjölda funda á árinu 2021. Þá voru óvenjumargir fundir þar sem borgarráð fékk málefni Carbfix til umfjöllunar, tillögu um stofnun Carbfix hf, eins og þekkt er. Annaðist borgarstjóri undirbúning þeirrar umfjöllunar ásamt embættismönnum og eftirfylgni ákvarðana og afstöðu borgarráðs í samræmi við hlutverk sitt sem handhafi eigendavalds og samþykktir borgarráðs.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri